

Samkaup innkalla Crospy Corn Tortilla Chips Salted

Samkaup hafa í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur stöðvað sölu á *Santa Maria Organic Crospy Corn Tortilla Chips Salted* og innkallað vöruna frá neytendum sem keyptu hana í Nettó eða Kjörbúðinni.

Ástæða innköllunar eru aðskotaefni, svokölluð trópanbeiskjuefni (atrópín og skópalamín), sem hafa greinst yfir mörkum eins og þau eru skilgreind eru í reglugerð. Matvæli sem innihalda magn aðskotaefna yfir mörkum eru ekki örugg til neyslu.

**Upplýsingar um vöru sem innköllunin einskorðast við:**

- Vörumerki: Santa Maria Organic
- Vöruheiti: Crispy Corn Tortilla Chips Salted
- Geymsluþol: Best fyrir dagsetning: Allar best fyrir dagsetningar
- Nettómagn: 125 g
- Strikamerki: 7311310032067
- Framleiðandi: Framleitt fyrir Paulig-Santa Maria AB í Svíþjóð
- Framleiðsluland: Belgía

Viðskiptavinir sem keypt hafa vöruna eru beðnir um að neyta hennar ekki og farga eða skila til verslunarinnar þar sem hún var keypt gegn fullri endurgreiðslu.